



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Selfossi 30.6.2020

Minnsblað vegna kostnaðaráætlunar við innleiðingu MST-Can

MST-Can er tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu og er sveitarfélögum á suðvesturlandi boðin þátttaka. Gert er ráð fyrir fjármagni í framkvæmaráætlun í barnavernd fyrir árið 2019-2022 (115 milljónum) og er einnig gert ráð fyrir viðbótarframlagi sveitarfélaga.

Greiðsluþáttaka sveitarfélaga er 120.000 krónur á pláss á viku og ef fleira en eitt barn sem ofbeldi og vanræksla hefur beinst að býr á heimilinu þá telst meðferðin að hámarki 2 pláss eða 240.000 krónur á viku. Meðferðin er veitt í 6-9 mánuði.

Undirrituð getur ekki sagt til um hvort úrræðið verði nýtt á þessum tilraunartíma en ljóst er að þetta úrræði er góð viðbót við þau úrræði sem þegar er í barnaverndarkerfinu. Ef til þess kæmi að úrræðið væri notað myndi því fylgja umtalsverður kostnaður fyrir sveitarfélagið en vert er að benda á að vistunarkostnaður er einnig mjög hár ef barn er fósturvistað utan heimilis.

Virðingarfyllst

Heiða Ösp Kristjánsdóttir

Heiða Ösp Kristjánsdóttir
Deildarstjóri félagsþjónustu